

Mál nr. 509/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar.

Upphafstími frests til að tilkynna tjónsatburð.

Gögn.

198. Málskot, móttakið 13.12.2011, ásamt fylgigögnum.

199. Bréf X, dags 23.12.2011.

Málsatvik.

Hinn 30.11.2006 féll M í hálfu og snérist um hægri ökkla. Hún leitaði samdægurs á slysadeild S vegna eymsla í fætinum. Var álitid að um tognun væri að ræða og var hún meðhöndluð með teygjusokk, verkjalyfjum og hækjum. Hinn 4.12.2006 leitaði M aftur á slysadeild vegna einkenna sinna. Var þá tekin röntgenmynd sem sýndi engin brot. Var talið að hún myndi jafna sig að mestu eða fullu á fáum vikum. Hinn 16.2.2007 leitaði M til heilsugæslulæknis þar sem hún var enn með verki. Fékk hún tilvísun á sjúkrahjálfun. Hún leitaði svo aftur til læknisins hinn 13.7.2009 vegna afleiðinga slyssins. Báðir hælir reyndust þá eðlilegir við röntgenrannsókn sem þá var framkvæmd. Á samskiptaseðli í umrætt sinn kemur fram að örorkuumsókn er frestað. Hinn 22.1.2010 leitaði svo M á ný til heilsugæslulæknisins sem taldi þá að afleiðingar slyssins hafi smátt og smátt verið að leiða til óvinnufærni M vegna verkja við gang og stöður.

Hinn 3.2.2010 mun M hafa tilkynnt tjónsatburðinn til vátryggingafélagsins X vegna bóta úr slysátryggingu sem hún taldi sig eiga rétt á. X hafnaði bótaskyldu þar sem ársfrestur til að tilkynna um atburðinn hafi þá verið liðinn, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Við fallið 26.11.2006 hlaut M tognunaráverka á hægri ökkla. Eftir að hafa leitað tvívegis á slysadeild S fyrst eftir slysið var álitid að hún myndi ná sér að mestu ef ekki að fullu. Samkvæmt því sem fyrir liggur um samskipti hennar við heilsugæslulækni á árunum 2007 og 2009 verður ekki ráðið að þá hafi verið ljóst að M myndi búa við einkenni frá fætinum til frambúðar. Það hafi fyrst verið ljóst eftir heimsókn til læknisins 22.1.2010. Í ljósi þessa þykir ekki unnt að fullyrða að ári áður en hún tilkynnti um slysið til X, eða í byrjun febrúar 2009, hafi henni mátt vera ljóst að hún byggir við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Verður því ekki talið að hún hafi verið búin að glata rétti sínum til bóta er hún tilkynnti um slysið. M á því rétt á bótum úr slysátryggingu þeirri sem hér um ræðir að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Niðurstaða.

M hefur ekki glatað rétti til bóta úr slysátryggingu hjá X.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.